

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðis 05, Fáskrúðsfirði, Fjarðabyggð.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 1. október 2015 óverulega breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðis 05 á Fáskrúðsfirði.

Í breytingu deiliskipulagsins er gert ráð fyrir sameiningu og breytingu lóða svo hægt verði að koma fyrir frystigeymslu við Hafnargötu 1a.

Breyting deiliskipulagsins var grenndarkynnt og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 gera ráð fyrir.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Fjarðabyggð, 2. október 2015.

Páll Björgvin Guðmundsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 20. október 2015